

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 4. desember 2007.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lánamál og lánakjör einstaklinga (20. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu er kveður á um að viðskiptaráðherra verði falið að leita leiða við að koma skipan húsnæðislána og lána til neytenda í svipað horf og annars staðar á Norðurlöndunum.

Tillaga þessi er fyrir margar sakir mjög merkileg, en Viðskiptaráð vill benda á að umfang hennar er slíkt að þörf er á ítarlegri rökstuðningi en veittur er í tillögunni sjálfri. Fyrir það fyrsta vilja tillöguflýtyjendur að verðtrygging verði afnumin og í annan stað vilja þeir að meina að samkeppni ríkji ekki á lánamarkaði fyrir neytendur og þar að auki vilja þeir að skoðað hvaða hlutverk íslenska krónan spilar í þessu samhengi.

1. Afnáam verðtryggingar

Þess misskilnings virðist gæta að verðtrygging sé lögð á með lögum, á meðan staðreyndin er sú að fullt samningsfrelsi ríkir um hana (að undanskildum lánveitingum frá Íbúðalánasjóði). Þannig er lántakendum frjálst að taka verðtryggð eða óverðtryggð lán að eigin vild. Enn fremur er það almennur misskilningur að greiðslubyrði óverðtryggðra lána sé minni en verðtryggðra, enda eru að öllu jöfnu hærra vextir á slíkum lánum.

Til að átta sig betur á afleiðingum verðtryggingar er heillavænlegt að skoða nánar skilgreininguna á verðtryggingu, sem er eitthvað á þessa leið: „Verðtrygging er trygging fyrir því að tiltekin greiðsla í framtíðinni haldi kaupmætti sínum frá þeim degi sem verðtryggður samningur er gerður. **Höfuðstóll verðtryggðra skuldabréfa breytist mánaðarlega eftir því sem breytingar verða á vinstölu (verðbólgu).**“

M.v. framangreint er það ekki verðtryggingin sem slík sem er orsök hárra vaxta heldur er það verðbólgan. Hvað verðbólgu varðar skiptir peningamagnið sem er í umferð í þjóðfélaginu höfuðmáli. Þegar hið opinbera ákveður að auka útgjöld sín gríðarlega og greiða fyrir þau með peningaseðlum eykst peningamagn í umferð, sem eykur spurn eftir vörum án þess að framboð breytist. Fyrirtæki bregðast við með því að hækka verð og auka framleiðslu sína sem hefur svo keðjuverkandi áhrif til launahækkana sem ýtir undir verðhækkanir og eykur þar með verðbólgu. Með meira aðhaldi í útgjöldum hins opinbera væri hægt að draga verulega úr verðbólgu og þ.a.l. verðtryggingunni og þar með tryggja stöðugra og lægra vaxtastig. Sú afleiðing sem endurspeglast í hærri fjármagnskostnaði fyrir heimilin er því ekki upprunin vegna verðtryggingarinnar einnar og sér, og hvaða þá vegna ímyndaðra „ofurvaxta“ lánastofnanna, heldur mest megnis vegna mikilla útgjalda af hálfu hins opinbera undanfarin ár.

Framangreind stefna hefði það enn frekar í för með sér að óverðtryggðir vextir myndu lækka enda stjórnast vaxtastig þeirra af stýrivöxtum Seðlabankans, en tilgangur þeirra ætti að vera öllum kunnur, þ.e. að draga úr þenslu og verðbólgu. Þannig ákveður hið opinbera óbeint vaxtastig óverðtryggðra lána með hagstjórnarstefnu sinni. Það er því síður en svo að lánastofnanir haldi hér uppi „ofurvöxtum“.

Til viðbótar við framangreint verður einnig að huga að því hvernig afnáam verðtryggingar myndi hafa áhrif á starfsemi ýmissa markaðsaðila, t.a.m. lífeyrissjóðina og Íbúðalánasjóð. Ellilífeyrir er verðtryggður skv. 2. mgr. 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og eru lífeyrissjóðir því með

stærstan hluta eigna sinna í verðtryggðum skuldabréfum. Enn fremur eru lán frá Íbúðalánasjóði verðtryggð skv. 1. mgr. 19. gr. laga um húsnæðismál. Því er ljóst að afnám verðtryggingar myndi hafa gríðarleg áhrif á framangreinda aðila sem og á almenning í landinu.

2. Samkeppni á lánamarkaði

Það er óþarfi að eyða mörgum orðum í þá fullyrðingu tillöguflytjenda að hér ríki ekki samkeppni á lánamarkaði. Sú samkeppni hefur verið gríðarlega áberandi undanfarin ár, þá sér í lagi með tilkomu viðskiptabankanna og sparisjóðanna á húsnæðislánamarkað.

Með því að afnema verðtryggingu og þar með verðtryggð lán myndi ein vörutegund lánastofnanna hverfa af markaði, en einseitara vöruframboð er ekki til þess fallið að auka samkeppni.

3. Íslenska krónan

Tillöguflytjendur vilja meina að lánastofnanir réttlæti háa vexti og nauðsyn verðtryggingar með vísan til áhrifa af íslensku krónunni og vilja því að kostnaður vegna hennar fyrir fjölskyldurnar í landinu verði metinn.

Í stað þess að leggja til að kostnaðurinn verði metin ætti að leggja til að unnið verði markvisst að því að dregið verði úr gengissveiflum, en það sama á við um þær eins og verðtrygginguna, þ.e. það eru ekki sveiflurnar einar og sér sem leiða til umræddra áhrif heldur eru það öflin sem hafa áhrif á gengið sem þarf að endurskoða. Hvað það varðar vísar undirritaður í grein Arnórs Sighvatssonar aðalhafsræðings Seðlabankans „Umræða í öngstræti“ þar sem hann segir: „Því er fátt sem Seðlabankinn getur gert annað en að vinna staðfastlega að því að ná verðbólguþolmiðinu. Takist það felur það í sér minni gengissveiflur en verið hafa sakir þess nána sambands sem er á milli gengis og verðlags. Frekari viðleitni til að draga úr gengissveiflum verður því að miklu leyti að koma frá öðrum en Seðlabankanum. Efnahagsstefna – ekki aðeins ríkisfjármálastefna – sem miðar að því að viðhalda stöðugleika gæti dregið úr gengissveiflum og öðrum óæskilegum hliðaráhrifum.“

Að endingu vill Viðskiptaráð minna á að hagkerfi heilla þjóða verða ekki borin saman eins og bílar, en þau eru eins misjöfn eins og þau eru mörg. Það er því margt sem þarf að íhuga og þarft er að hafa samráð við alla hagsmunaaðila, opinbera jafnt sem einkaaðila, þegar þessi mál eru skoðuð. Það að vísa til nágrannaríkja og mælast til að skipan mála hérlendis verði samræmd þeirra skipan er því fráleitt.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs